



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289



Félag skipstjórnarmanna

Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími 520 1280 • Bréfasími 520 1289 • Netfang: skipstjorn@skipstjorn.is
Vefsíða: www.skipstjorn.is • Skipagötu 14 • 600 Akureyri • Sími 520 1290 • Bréfasími 462 5251

Alþingi
Erindi nr. P 140/1785
komudagur 17.4.2012

Umsögn FFSÍ og FS

Reykjavík 17. apríl 2012

Nýtt frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 657. Mál

Frumvarp til laga um veiðigjöld (heildarlög), 658. mál.

Fyrirverandi fjármálaráðherra /núverandi sjávarútvegsráðherra lýst því yfir fyrir u.þ.b. ári síðan að á þeim tíma hefði skapast gríðarleg, undirliggjandi uppsöfnuð endurnýjunar og viðhaldsþörf hjá fiskiskipaflotanum, vegna langvarandi óvissu um stjórn fiskveiða.

Nú hampar þessi sami ráðherra frumvörpum sem við blasir að leiða muni til grafalvarlegrar stöðu þar sem bráðnauðsynleg endurnýjun flotans er slegin út af borðinu og viðhaldi allt of gamals flota verður haldið í algjöru lágmarki. Í stað aukins öryggis og betri aðbúnaðar sjómanna munu menn sjá fram á hið gagnstæða, með margvíslegum neikvæðum afleiðingum.

Verði þessi frumvörp, sem eru unnin án alls samráðs við atvinnugreinina, að lögum, munu þau viðhalda og jafnvel auka ósætti innan greinarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Með skerðingum aflaheimilda munu kjör sjómanna versna verulega og leigubrask sem stjórnvöld ætla nú að takast á hendur mun aukast. Til viðbótar við þá skerðingu sem stjórnvöld stóðu fyrir með afnámi sjómannaafsláttar er þetta fráleitt framferði gagnvart einni starfsstétt og sýnir í hnotskurn hvaða hug ríkjandi stjórnvöld bera til þeirrar starfsgreinar sem mestu hefur skilað við að draga vagn þjóðarbúskaparins við að skapa útflutningsverðmæti á erfiðum tímum undanfarin misseri.

Stjórnir Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Félags skipstjórnarmanna mótmælar harðlega framkomnum frumvörpum um stjórn fiskveiða og um veiðigjöld.

F.h. FFSÍ og FS

Árni Bjarnason